

## Sveitarstjórn Djúpavogshrepps: Fundargerð 28. 12. 2007

Fundur var haldinn í sveitarstjórn Djúpavogshrepps föstud. 28. des. 2007 kl. 16:00. Fundarstaður: Geysir.

Mættir voru: Albert Jensson, Guðmundur Valur Gunnarsson, Andrés Skúlason, Sigurður Ágúst Jónsson og Klara Bjarnadóttir. Einnig sat fundinn Bj. Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri. Andrés stjórnaði fundi.

Áður en gengið var til fundar óskaði oddviti eftir því að fallizt yrði á að vefstjóri heimasíðu Djúpavogshrepps, Ólafur Björnsson mætti á fundinn til að gera stuttlega grein fyrir ánægjulegum niðurstöðum hvaða hana varðar vegna nýlegrar úttektar á opinberum vefjum. Var það samþykkt samhljóða og að bókað yrði um málið undir skýrslu sveitarstjóra.

### Dagskrá:

#### 1. Fjárhagsleg málefni, málefni stofnana o. fl.

- a) Hugmyndir um „gjaldfrjálsan leikskóla“ 2008. Farið var yfir málið í kjölfar skýrslu leikskólastjóra á síðasta fundi sem og nýlegir útreikningar um fjárhagsleg áhrif slíkrar ákvörðunar. Síðan bar oddviti upp tillögu þess efnis að á árinu 2008 yrðu 3 gjaldfrjálsar stundir á dag fyrir tvo elstu árgangana á starfstíma leikskólans. (9 – 12). Tillaga samþykkt samhljóða.
- b) Gjaldskrár 2008 til afgreiðslu. Fyrirliggjandi tillögur bornar upp, en þær höfðu áður fengið ítarlega umfjöllun við fyrri umræðu 19. des. Tillögurnar í heild samþykkar samhljóða og undirrituðu fundarmenn skjalið, sem sett verður á heimasíðu sveitarfélagsins.
- c) Reglur v/ tímabundinna stöðuleyfa + gjaldskrá fyrir 2008. Þær voru staðfestar efnislega í júní 2007. Gjaldskrárhloti þeirra hefur fengið staðfestingu skv. lið 1 b) hér að ofan. Ákveðið að endursk. reglurnar og gjaldskrána samhliða afgreiðslu FJ-2009. Samþykkt samhljóða
- d) Eignabreytingar og framkvæmdir 2008. Fyrirliggjandi skjal hafði áður fengið umfjöllun við fyrri umræðu 19. des. Það borið upp, samþykkt samhljóða og undirritað.
- e) Viðhaldsáætlun Eignasjóðs og stofnana. Sveitarstjóri kynnti viðhaldsáætlunina, en hún er unnin í samræmi við óskir forstöðumanna, sem fá það hlutverk að forgangsraða verkefnum í samræmi við úthlutað fjármagn.
- f) Erindi um styrki o.fl. til afgreiðslu. Skjal unnið af sveitarstjóra og áður kynnt efnislega lagt fyrir. Var hver liður þess borinn sérstaklega upp til atkvæða að svo miklu leyti sem ekki er um lögbundin verkefni að ræða. Undirrituðu fundarmenn síðan skjalið eftir að niðurstaða afgreiðslu hafði verið færð á það.
- g) Fjárhagsáætlun Djúpavogshrepps 2008. Síðari umræða. Fyrirliggjandi gögn unnin af sveitarstjóra og Guðlaugi Erlingssyni hjá KPMG kynnt og lögð fram. Helztu niðurstöðutölur eru (**þús. kr.**):

* Skatttekjur A-hluta .....	234.626
* Óreglulegar tekjur .....	10.200
* Fjármagnsliðir .....	10.052
* Rekstrarniðurstaða A-hluta .....	37.327
* Rekstrarniðurst m. öðrum sjóðum, A-hluta ....	38.772
* Samantekinn rekstur A- og B- hluti .....	38.334
* Eignir .....	687.377
* Skuldir .....	456.214
* Eigið fé í árslok 2008 .....	231.163
* Veltufé frá rekstri áætlað .....	83.112
* Fjárfestingar varanl. rekstrarfjárm. (nettó) .....	29.400

Eftir yfirferð um áætlunina og fyrirbyggjandi gögn var hún borin upp og samþ. samhlj. Að því búnu var áætlunin undirrituð af sveitarstjórn og sveitarstjóra.

h) Önnur fjárhagsleg málefni.

Tillaga um svohljóðandi bókun í kjölfar afgreiðslu ofangreindra liða lögð fram:

„Sveitarstjórn Djúpavogshrepps fagnar þeirri jákvæðu niðurstöðu, sem kemur fram í áætlun um rekstur sveitarsjóðs og stofnana árið 2008 og telur að hún sé raunhæf. Samhliða afgreiðslu áætlunarinnar vill sveitarstjórnin þó undirstrika eftirfarandi:

- I) Ekki liggur ljóst fyrir hver verða áhrif nýrra kjarasamninga á næsta ári, en þeir kunna að valda auknum rekstrarkostnaði umfram það sem gert er ráð fyrir.
- II) Ýmsar ráðstafanir, sem sveitarstjórnin greip til í kjölfar afgreiðslu FJ-2007 hafa nú þegar skilað sér í bættum rekstri. Var þetta gert án verulegs niðurskurðar á þeirri miklu þjónustu, sem byggð hefur verið upp á fjölmörgum sviðum. Gleðilegast er þó að ákvörðun um að hætta rekstri Dvalarheimilisins Helgafells leiddi ekki til þess að stofnuninni yrði lokað, enda hefði það verið óeðlilegt m/v aðkomu ríkisins að fjölmörgum sambærilegum stofnunum.
- III) Væntanlegar leiðréttingar á rekstrarumhverfi fámennra jaðarsveitarfélaga munu hafa veruleg áhrif á endanlega niðurstöðu árið 2008, en mjög hóflega er gert ráð fyrir þeim í áætluninni.
- IV) Óreglulegar tekjur taka mið af því að á árinu 2008 takist að selja eignir fiskimjölsverksmiðjunnar, sem sveitarfélagið á hlut í, en með því móti mundi nást til baka bókfært tap árið 2005, þegar viðskiptin fóru fram.
- V) Náðst hefur ákveðinn árangur í að bæta skammtímaskuldastöðu sveitarfélagsins og þar með lækka fjármagnskostnað. Skuldastaða sveitarfélagsins er hins vegar enn þá óviðunandi og þarf margra ára bata af þeirri stærðargráðu sem hér um ræðir til að koma henni í viðunandi horf. Einnig þarf sveitarfélagið á umtalsverðum tekjuafgangi að halda til að verja til framkvæmda næstu ára og viðhaldi stofnana, sem annað hvort hefur verið vanrækt eða haldið í lágmarki.
- VI) Framkvæmdum 2007 var haldið í algjöru lágmarki, sem m.a. hefur þau áhrif að lausafjárstaða sveitarfélagsins hefur tekið stakkbreytingum.
- VII) Langstærsti kostnaðarliður vegna áformaðra framkvæmda 2008 tengist varanlegri gatnagerð, en þrátt fyrir átak árána 2005 – 2007 eru enn eftir 5 götur/götustubbar sem ljúka þarf við fyrir árslok 2009.
- VIII) Meðan flest sveitarfélög í landinu hafa fengið umtalsverða rekstrarfjármuni úr Eignarhaldsfélagi Brunabótafélags Íslands (t.d. eitt sambærilegt og Djúpavogshreppur um 4 millj. árlega að jafnaði s.l. 10 ár) hefur Djúpavogshreppur ekki fengið kr. úr Samvinnutryggingum GT, sem hann á hlut í. Þrátt fyrir eftirgangsmuni hefur ekki tekist að fá upplýsingar um hver hlutur sveitarfélagsins er í félaginu, en gera verður ráð fyrir sambærilegum arði og EBÍ er að greiða og það strax á næsta ári, ásamt leiðréttingum á því fjármagni, sem aðrir en eigendurnir hafa verið að ráðskast með.
- IX) Viðsnúningur frá niðurstöðu ársins 2006 er u.þ. b. 80 millj. króna, sem vissulega er fagnaðarefni. Af þeim sökum kýs sveitarstjórnin eftir „nöldur“ undangenginna missera að líta jákvæðum augum til framtíðar, en heitir jafnframt á nýjan ráðherra málefna sveitarfélaga að tryggja í samráði við fjármálaráðherra og eftir atvikum ríkisstjórnina í heild eðlilegt rekstrarumhverfi fámennra jaðarbyggða til að gera þeim kleift að þjónusta íbúana svo sem lög og reglur kveða á um“.

Bókunin borin upp og samþ. samhljóða

## 2. Fundargerðir:

- a) F & M 21.11.2007. Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Fundargerð samráðsfundar sveitarfélaga með íbúafjölda undir 1.000 17. des. 2007. Nokkur umræða varð um fundinn og stöðu minni sveitarfélaga. Fram kemur í fundarg. að halda á áfram samstarfi hlutaðeigandi sveitarfélaga. Sveitarstjórn Djúpavogshrepps lýsir fullum áhuga að taka þátt í því.
- c) Félagsmálanefnd, 25. fundur 11. des. 2007. Fundarg. lögð fram til kynningar.

### 3. Erindi og bréf:

- a) Skipulagsstofnun dags. 7. des. 2007 varðandi námur o.fl.

### 4. Skýrsla sveitarstjóra:

- a) Vefstjóri heimasíðu Djúpavogshrepps, Ólafur Björnsson mætti á fundinn og gerði grein fyrir vinnu vegna heimasíðu sveitarfélagsins og hvað hefði verið gert á síðustu mánuðum. Samkvæmt úttekt á heimasíðum sveitarfélaga sem gerð var síðastliðið haust kemur fram að heimasíða Djúpavogshrepps hefur bætt sig mest allra milli ára og er nú m.a. í öðru sæti yfir sveitarfélög á Austurlandi sem bezt eru talin standa sig hvað þetta varðar. Dregið hefur verulega úr því að lesendur síðunnar geri athugasemdir, enda verið reynt að sjá til þess að halda henni eins virkri og hægt er. Sveitarstjórn vill þakka vefstjóra árangurinn sem náðst hefur sem og metnaðarfullt starf hans.
- b) Oddviti minnti ákvörðun frá því snemma á þessu ári að þrengja opnunartíma skrifstofu sveitarfélagsins til að skapa meiri vinnufrið í Geysi. Sveitarstjóri upplýsti að í fyrstu viku jan. 2008 væri áformað að gera ákv. skipulagsbreytingar innan húss í því skyni að bæta vinnuumhverfi starfsmanna. Í kjölfar þess yrði auglýst um breytingu á opnunartímum og viðtalstímum sveitarstjóra og tæki breytingin gildi eigi síðar en um miðjan næsta mánuð.
- c) Sveitarstjóri upplýsti að búið væri að ganga frá ráðningarsamningum við starfsmenn á Helgafelli af nýjum vinnuveitanda, Heilbrigðisstofnun Austurlands. Allir núverandi starfsmenn sveitarfélagsins á þessum vinnustað fá nýja ráðningu og aukinn verður opnunartími, þótt breytingar verði á starfsheitum að einhverju leyti. Sveitarstjórnin fagnar fyrirliggjandi niðurstöðu og þakkar þeim, er að því komu að ná henni.

Oddviti kvaðst vilja nota þetta tækifæri til að þakka sveitarstjórn og sveitarstjóra fyrir samstarfið á ári því, sem nú væri brátt runnið til enda og óskaði mönnum jafnframt gleðilegs nýs árs. Þegar viðstaddir höfðu tekið í sama streng og bugtað sig í bak og fyrir var fundi slitið kl. 17:50.

Fundargerðin, sem færð var í tölvu, lesin upp, staðfest, prentuð út og síðan undirrituð.

Bj. Hafþór Guðmundsson, fundarritari.